



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

símafundur 9. janúar 2013 kl. 09.30 – 10.30

Formaður stórnar setti fundinn og voru allir stjórnarmeðlimir voru mættir á símafund.

Framvinduskýrsla

- Davíð fór yfir síðustu framvinduskýrslu Mss árið 2012.
- Davíð stefnir á að fara á Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín í byrjun ágúst, en markaðsstofan hefur ekki tekið þátt í þeim viðburði áður.
- Stefnir á að gera gott heildarkort fyrir allt suðurlandið, aksturskort sem hægt er að fara eftir þegar ferðast er um suðurland. Í dag gefur hvert sveitarfélag út sitt kort og eru þau í nokkur talsin en gallinn er að ferðamaðurinn er alltaf að keyra útaf þeim og þarf þá að hafa nokkur kort fyrir allan landshlutann.
- Nýbreytini á suðurlandskynningu, Davíð fer ásamt kynnisfulltrúum svæða á ferðaskrifstofur og kynnir suðurlandið, reynir að ná þannig til allra starfsmanna fyrirtækja.
- Winterwonderland, Davíð lagt mikla orku í það verkefni. Hittir fólkið sem vinnur með honum í síðunni reglulega og fer yfir það sem kemur inn á síðuna og reynir að finna efni sem á heima þar inn hverju sinni. Er að vinna með fólki sem bloggar og fleira sem er landsbyggðarfólk og þekkir vel bransann. Nauðsynlegt að halda svona síðu lifandi og skipta reglulega um bloggskrif og fleira.
- Davíð fundar reglulega með Markaðstofum landshlutanna. Á þeim fundum hafa komið upp hugmyndir að setja á kopp hagsmunasamtök landshlutanna.
- Davíð er í góðri tengingu hjá Íslandsstofu og Ferðamálastofu. Það skiptir miklu máli, þar er verið að vinna stór verkefni. Vinnur með Ferðamálastofu að gæðaverkefninum Vakinn.

Markaðsmál

- Markaðsátakið Winterwonderland.is. Bloggskrif mætti vera virkari frá aðilum í geiranum. Virk bloggskrif þurfa að vera alltaf í gangi. Davíð vill sjá fólk innan Mss nýta sér þetta tækifæri og koma upplýsingum til Margrétar Sveinbjarnardóttir hjá Brúarsmiðjunni en hún sér um bloggskrif á síðuna.
- Instalgram – kynning. Næsta verkefni með vefinn er að kynna hann fyrir ferðamenn og heimamenn. Davíð lét útbúa límmiða sem hann ætlar að senda á þjónustuaðila sem hvetur ferðamenn að setja inn myndir og annað um ferðalag sitt inn á síðuna Winterwonderland.
- FAM-ferðir, 3 ferðir framundan, janúar - febrúar – mars. Með vorinu verður svo ferð fyrir aðila í Reykjavík um suðurland fyrir ferðaskrifstofur og upplýsingamiðstöðvar.

Internetið

- Kynning nýr landshlutavefur. Davíð vill skoða þann möguleika að setja upp nýjan vef með nýju umsjónarkerfi. Alla markaðsstofurnar færu í það saman og kostnaðurinn yrði þá minni. Davíð er búinn að láta greina vefinn okkar sem við erum með í dag. Hann hentar t.d ekki á fyrir spjaldtölvur og

snjallsíma. Ef farið verður í þessa vinnu þá er möguleiki á að allar markaðsstofurnar ráði mann til að vinna vefina fyrir markaðsstofurnar, auglýsingar og fl. Davíð er sá sem er hvatamaðurinn að þessum breytingum, ekki nægilegar heimsóknir á vefinn í dag, mjög dýr í rekstri og þungur í vinnslu.

Samstarfssamningar

- Samstarfsverkefni með Gekon.
- Gekon ætlar að fara í kortlagningu á íslenskum ferðaþjónustuaðilum, vill fara í samstarf við Mss. Ætla að fjármagna sig sjálfir með framlögum frá aðilum í geiranum. Eru búnir að senda samstarfssaminig á Davíð. Svona samstarfsverkefni getur verið sterkt afl í geiranum. Heildarhagsmuni ferðaþjónustunnar ? Í þessu verkefni verður hver landshluti tekinn í greininug og styrkleikar og veikleikar greindir. Stjórnin felur Davíð að fara yfir samninginn með breytingar í huga og leggja fyrir Gekon.